LÖG

um breytingu á lögum um búnaðargjald, nr. 84/1997, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „2,00%“ í 1. málsl. 1. gr. laganna kemur: 1,2%.

2. gr.

Í stað „2,00%“ í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: 1,2%.

3. gr.

Viðauki við lögin verður svohljóðandi:

Hlutfallsleg skipting tekna af búnaðargjaldi.

Afurðir	Bændasamtök Íslands	Búnaðar-sambönd	Búgreina-samtök	Bjargráða-sjóður	Alls
Nautgripaafurðir	0,35	0,50	0,30	0,05	1,20
Sauðfjárafurðir	0,40	0,50	0,15	0,15	1,20
Hrossaafurðir	0,40	0,40	0,35	0,05	1,20
Svínaafurðir	0,15	0,10	0,65	0,30	1,20
Alifuglakjöt	0,15	0,10	0,20	0,75	1,20
Egg	0,15	0,10	0,75	0,20	1,20
Kartöflur, rófur	0,35	0,10	0,60	0,15	1,20
Grænmeti, blóm	0,35	0,10	0,75	0,00	1,20
Grávara	0,40	0,10	0,70	0,00	1,20
Æðardúnn	0,40	0,10	0,55	0,15	1,20
Skógarafurðir	0,35	0,10	0,75	0,00	1,20

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006 og koma til framkvæmda við ákvörðun fyrirframgreiðslu á árinu 2006 og við álagningu búnaðargjalds á árinu 2007.

Ákvæði til bráðabirgða.

Mismunur á hluta Lánasjóðs landbúnaðarins, sbr. 6. gr. laganna, í endanlega ákvörðuðu búnaðargjaldi skv. 5. gr. laganna og fyrirframgreiddu gjaldi skv. 4. gr. laganna skal vera á ábyrgð Lífeyrissjóðs bænda.

Gjört á Bessastöðum, 19. desember 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Guðni Ágústsson.

A-deild – Útgáfud.: 29. desember 2005